



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

15. árgangur 5.tbl.

Maí 2018

Framboðsfundur

Ágætu sveitungar.



Eins og trúlega flestir vita þá fer að líða að sveitarstjórnakosningum.

Listarnir hafa ákveðið að halda
sameiginlegan framboðsfund í **félagsheimilinu Brautarholti**
Þriðjudaginn 22. maí kl. 20:00.

Þar gefst kjósendum kostur á að hlusta á stefnur listanna og spyrja
frambjóðendur nánar út í stefnumál.

Vonumst til að sjá sem flesta.

A-listi G-listi O-listi

Election meeting

Dear resident.

Maybe you have heard that there is an election coming up.
The parties have agreed to have a meeting for all residents in
Brautarholt, Tuesday the 22nd of May at 20:00.

There you get the chance to listen what the each party stand for and
ask questions if you have any.

Hope that you could make time to come and spend time with us.

A-listi G-listi O-listi



Opnunartími og sími skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi er:
mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00

486-6100 - skeidgnup@skeidgnup.is

Starfsmaður í Áhaldahúsi

Ari Einarsson 893-4426 ari@skeidgnup.is

Umsjónarmaður gámasvæða Jón F. Sigurdsson - s. 893-7016

Sendið inn efni í næsta fréttabréf fyrir 5. júní 2018.

Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir kidda@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.

Opnunartími gámasvæða.

Við Árnes opið:

priðjudaga kl. 14:00 - 16:00

laugardaga kl. 10:00 - 12:00

Í Brautarholti opið:

miðvikudaga kl. 14:00 - 16:00

laugardaga kl. 13:00 - 15:00

Dýragámar opnir allan sólarhringinn á báðum stöðum!

Fatagámar **Rauða krossins** einnig í Brautarholti og Árnesi.

Opnir allan sólarhringinn.

Skaftholt tekur við garðaúrgangi og afklippum trjáa

*Alla daga, allan daginn. (Til vinstri á heimreið) Einungis efni úr
jurtaríkinu eiga heima á svæðinu við Skaftholt.*

Umsjónarmaður gámasvæða er Jón F. Sigurdsson - s. 893-7016

Áburðarpokana þarf að flokka!

Þeir eru tveggja laga og ytra byrðið er endurvinnanlegt en innra byrðið fer í
almennt sorp! Gámastöðvarnar taka ekki við þessari vöru óflokkaðri!

Það eru komin kör undir heyrúlluplastið á gámastöðvunum en
plastið verður að vera hreint sem í þau fer!

Kær kveðja. - Jón

Kjörskrá



fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp vegna
sveitarstjórnarkosninga 26. maí 2018

liggur frammi á skrifstofu Sveitarfélagsins í Árnesi
frá og með **16. maí** 2018 til kjördags.

Mánudaga -fimmtudaga kl. 9:00-12:00

og 13:00-15:00

og föstudaga frá 9:00-12:00.

Kjörstjórn.

Hvað er gjaldskyld og ógjaldskyld sorp á gámasvæði? Hvernig virkar Klippikortið?

Grundvallaratriði að flokkað hafi verið fyrir afhendingu.

Framvísa skal klippikorti við afhendingu **gjaldskylds úrgangs**.

Ekki þarf að framvísa klippikorti við afhendingu **gjaldfrjálsa úrgangsins**.

Gjaldskyldur úrgangur á gámsvæði:

Almennur óflokkaður úrgangur
frá heimilum og fyrirtækjum
Blandaður /óflokkaður úrgangur
Timbur málað og ómálað.
Vörubretti

Húsgögn

Gler

Gifs og gifsplötur

Steinefni/múrbröt

Annar grófur úrgangur frá
framkvæmdum

Raftæki

Hjólbarðar m/ felgum

Áfram verður tekið við garðaúrgangi í Skaftholti

Unnið verður að því að girða svæðin
betur af. Áfram verður aðgengi að
litlum gámi á svæðunum fyrir
heimilissorp í litlum umbúðum.
Sveitarstjóri.

Gjaldfrjáls úrgangur:

Hreinar plastumbúðir

Annað flokkað plast—hreint

Bylgjupappi

Dagblöð/tímarit/pappír

Fernur

Flokkaðir málmar

Hjólbarðar

Hundafangari sveitarfélagsins:
Ragnar Sigurjónsson sími:
859-9559.



Heilsugæslan í Laugarási s. 432-2770

Opið virka daga kl. 08:00 -16:00

Símatímar lækna virka daga kl. 9—9:30 og 13—13:30

Lyfjaendurnýjun hjá ritara kl. 8:00 — 9:00 í síma 432 2020

Neyðarsími 112 - HSu Selfossi 432-2000

Vaktsími lækna og hjúkrunarfræðinga á HSU Selfossi 1700

Lyfja – útibú í Laugarási sími 486-8655

Opið kl 10 - 16.30 alla daga nema föstudaga, kl. 10-13.

Forstöðumaður Skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings er

María Kristjánsdóttir maria@hveragerdi.is

Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási. Sími: 480-1180 Fax: 480-1181

www.arnesthing.is

Áætlun Landflutninga í Árnessýslu:

Landflutningar
SAMSKIP

**Frá Reykjavík kl. 9:00 alla virka daga-
með viðkomu á Selfossi**

Phone: +354 458 8821

Mobile: +354 858 8820

Email: sverrir.unnarsson@samskip.com www.landflutningar.is




facebook

Þjónusta vegna ljósleiðara!

Sigvaldi K. Jónsson s. 863-4111 og Jón Hákonarson hafa umsjón með nýtingum og línubókhaldi Fjarskiptafélags Skeiða-og Gnúpverjahrepps vegna ljósleiðarans. Hafið samband við þá.

skj@internet.is - Sigvaldi K Jóns. og

nonniasum@gmail.com -Jón Hákonarson.



Tilkynning!

Selásbyggingar ehf. eru nú í maí að fara taka fyrstu skóflustungu á byggingu raðhúss við Bugðugerði 3a b, og c.

Mikill hugur er að vanda til verka. Einhver röskun kann að verða meðan á jarðvinnu stendur og eru nágrannar og þeir sem eiga erindi í Bugðugerði hvattir til að fara með gát á meðan jarðvinna er í gangi. Selásbyggingar munu kappkosta að viðeigandi merkingar verði til staðar hverju sinni.

Reisum með reisu!
894-4142



SELÁSBYGGINGAR ehf

VORFUNDUR KVENFÉLAGS GNÚPVERJA


Vorfundur Kvenfélags Gnúpverja verður haldinn í Landstólpa, Gunnbjarnarholti, fimmtud. 31.maí kl.19.30.

Súpa og tilheyrandi í boði í byrjun fundar.

Ársritið komið og munið árgjöldin.

Nýir félagar boðnir velkomnir.

Stjórnin



Baggamunur!

Bókhalds- og skattapjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

866-9035

s@baggamunur.is

www.baggamunur.is

59. fundur í sveitarstjórn haldinn í Árnesi fimmtudaginn 18. apríl 2018 kl. 14:00.

Mætt til fundar: Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason, Gunnar Örn Marteinsson, Halla Sigríður Bjarnadóttir og Anna María Flygenring er sat fundinn í forföllum Meike Witt. Auk þess sat Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri fundinn og ritaði hann fundargerð. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera. Sveitarstjóri óskaði eftir að þremur málum yrði bætt við dagskrána. Skipulagsmál á Ósabakka, Aðalskipulagsbreytingar, Áshildarmýri og víðar, auk þess erindi um forkaupsrétt á Ártúni í Árneshverfi. Var það samþykkt samhljóða.

Mál til afgreiðslu og umfjöllunar :

1. Ársreikningur Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017. Lagður fram til fyrri umræðu. Auðunn Guðjónsson endurskoðandi sveitarfélagsins fór yfir og útskýrði rekstrartölur og aðrar staðreyndir ársreiknings sveitarfélagsins. All nokkrar umræður urðu um ársreikninginn. Samþykkt samhljóða að vísa ársreikningnum til síðari umræðu.
2. Ársreikningur Hitaveitu Brautarholts 2017 lagður fram. Auðunn Guðjónsson útskýrði rekstrartölur og aðrar staðreyndir ársreiknings Hitaveitunnar fyrir árið 2017. Heildartekjur hitaveitunnar námu 2.604.402 kr. Rekstrarkostnaður nam 3.982.142 kr, tap á rekstri hitaveitunnar eftir fjármagnsgjöld og skatta nam 795.870 kr. Kemur það meðal annars til vegna greiðslu afgjalds fyrir allmörg ár á árinu. Heildareignir námu kr 12.715.483. Ársreikningurinn samþykktur samhljóða.
3. Skýrsla endurskoðanda Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017. Endurskoðunarskýrslan lögð fram. Auðunn Guðjónsson endurskoðandi kynnti endurskoðunarskýrslu til sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps, og fór yfir helstu atriði skýrslunnar. All nokkrar umræður urðu um skýrsluna.
4. Gjáin -Lokun vegna viðkvæms ástands.
Lagt var fram ástandsmat á Gjánni unnið af Jóni Smára Jónssyni sérfræðingi hjá Umhverfisstofnun. Í skýrslunni er bent á að ástand gróðurs í Gjánni sé mjög viðkvæmt og leggur hann til lokun svæðisins tímabundið. Sveitarstjórn samþykkir tímabundna lokun svæðisins fyrir sitt leyti. Samþykkt samhljóða að leggja eina milljón króna til mótvægisáðgerða á ofangreindu svæði. Vísast til viðauka við fjárhagsáætlun.
5. Umsókn frá Landsvirkjun um leyfi til lagningu vegar. Lögð fram deiliskipulagsbreyting við Búrfellsvirkjun. Mál lagt fyrir öðru sinni en því var frestað á 56. fundi. Lögð fram umsókn Landsvirkjunar dags. 1. febrúar 2018 um breytingu á deiliskipulagi Búrfellsvirkjunar. Í breytingunni felst að að vegur í gegnum virkjanasvæðið og að Búrfellsskógi breytist. Meðfylgjandi eru

umsagnir Hekluskóga, Landgræðslu ríkisins, Skógræktarinnar og Umhverfisstofnunar um fyrirhugaða veglínu. Þá liggur fyrir fornleifaskráning vegna deiliskipulagsins og skv. henni eru engar minjar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við deiliskipulagsbreytinguna og í ljósi fyrirbyggjandi umsagnar er mælt með að sveitarstjórn samþykki hana skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki er talin þörf á að grenndarkynna breytinguna með vísun í fyrirbyggjandi umsagnir. Sveitarstjórn samþykkir ofangreinda deiliskipulagsbreytingu samhljóða.

6. Skýrsla um staðsetningu borholu í Þjórsárholti. Lögð var fram skýrsla unnin af Árna Hjartarsyni sérfræðingi hjá íslenskum orkurannsóknum. Minnisblað lagt fram og kynnt. Samþykkt að vinna áfram að undirbúningi borunar eftir heitu vatni í Þjórsárholti.
7. Samningar um skólaakstur.
Lögð voru fram til umræðu drög að samningum skólabílstjóra um skólaakstur. Samningar hafa ekki verið undirritaðir.
Oddviti laði fram eftirgreinda bókun. *“Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps setti fram þá kröfu í samningsdrögum að þeir sem aka skólabörnum á vegum sveitarfélagsins fái staðfest heilsufarsvottorð hjá trúnaðarlækni. Sveitarstjórn ásamt skólanefnd hefur samþykkt að gera þær kröfur til þeirra sem aka börnunum. Hluti af bílstjórunum hafa ekki samþykkt að gangast undir heilsufarsskoðun. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir að ekki verði samið við núverandi skólabílstjóra nema til loka yfirstandandi skólaárs.”* Einar Bjarnason, Halla Sigríður og Anna María tóku undir bókunina.
8. Fundargerð 154. fundar Skipulagsnefndar. Mál nr. 25 þarfnast afgreiðslu. Skeiða- og Gnúpverjahreppur Hæll 1 (166569): Umsókn um byggingarleyfi: Fjós - viðbygging – 1803066.
Lögð fram umsókn Bolette Höeg Koch um byggingaleyfi fyrir 318,1 fm viðbyggingu við núverandi fjós á jörðinni Hæll 1.
Með vísun í gr. 5.9.1 í skipulagsreglugerð gerir skipulagsnefnd ekki athugasemd við stækkun á fjósi í samræmi við umsókn. Ekki er talin þörf á að grenndarkynna umsóknina.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir stækkunina fyrir sitt leyti.
9. Fundargerð Ungmennaráðs frá 6. apríl 2018. Fundargerð lögð fram og vísað til næsta fundar sveitarstjórnar 2. maí nk og Ungmennaráði boðið til fundarins þar sem farið verður yfir mál er snerta ungmennráðið.

10. Fundargerð framkvæmdaráðs Almannaþingar Árnessýslu nr. 21 frá 23 mars 2018. Fundargerð lögð fram staðfestingu frestað þar til ársreikningur liggur fyrir.
11. Fundargerðir Atvinnu- og samgöngunefndar nr 25 frá 7. Mars sl og nr 26 frá 11 apríl sl. Fundargerðir lagðar fram og staðfestar.
12. Skipulagsmál á Ósabakka.
Lögð fram umsókn frá Jökli Helgasyni um byggingarleyfi fyrir bragga 249, 2 fm að stærð í staðinn fyrir eldra hús sem verður fjarlæggt. Með vísan í gr. 5.9.1 í skipulagsreglugerð gerir sveitarstjórn ekki athugasem við umsókn um byggingarleyfi. Ekki er talin þörf á grenndarkynningu.
13. Aðalskipulagsbreytingar. Undanfarin ár hefur verið unnið að endurskoðun aðalskipulags fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp og hefur tillaga þegar verið kynnt í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Í ljósi þess hversu skammt er til kosninga hefur verið ákveðið að bíða með að auglýsa endurskoðun aðalskipulagsins þar til að ný sveitarstjórn tekur við. Það eru þó nokkur mál sem vilji er til að halda áfram með og er því lögð fram tillaga að breytingu á nágildandi aðalskipulagi sem nær til þriggja svæða sem í dag er að öllu leyti, eða að hluta, skilgreind sem svæði fyrir frístundabyggð. Er í öllum tilvikum fyrirhugað að breyta landnotkun svæðanna í íbúðarsvæði og voru svæðin afmörkuð með þeim hætti þegar aðalskipulagstillagan var kynnt skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Eru þetta svæði við Áshildarmýri, spilda úr landi Kálfhóls og spilda sem kallast Sandholt og er úr landi Sandlæks 1. Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa fyrirbyggjandi aðalskipulagstillögu skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga og felur skipulagsfulltrúa að senda hana til athugunar hjá Skipulagsstofnun.
14. Ártún forkaupsréttur. Beiðni um að fallið verði frá forkaupsrétti sveitarfélagsins á eigninni Ártún (Hamragerði 6). Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að falla frá forkaupsrétti á eigninni. 220-2214

Mál til kynningar :

- A. Fundargerð aðalfundar Byggðasafns Árnesinga.
 - B. Arðgreiðslur Lánasjóðs sveitarfélaga.
 - C. Starfsleyfi hreinsistöð.
 - D. Stjórnar fundur SASS nr. 531
 - E. Fundur stjórnar Listasafns Árnesinga 27.02.18
 - F. Fundur stjórnar Listasafns Árnesinga 10.04.18.
 - G. Afgreiðslur byggingafulltrúa 18-76.
 - H. Fundargerð vinnufundar um Aðalskipulags. 11.04.18.
- Fundi slitið kl 17:00. Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn miðvikudag 2. maí næstkomandi. Kl. 14.00.

Reiðnámskeið, hestaskóli var haldinn á vegum Smára á Húsatóftum núna í apríl sl. Þetta var byrjendanámskeið fyrir börn og innifalið var hestur og reiðtygi. Hentaði þetta fyrirkomulag vel fyrir krakka sem eru að stíga sín fyrstu skref í hestamennskunni.

Alls voru þetta fjögur skipti og 16 krakkar sem tóku þátt sýnir að það er mikill áhugi til staðar. Þetta var mjög skemmtilegt og veðrið lék við okkur dagana sem námskeiðið var haldið.

Vil senda sérstakar þakkir til Dúnu og Alla á Húsatóftum fyrir lán á hestum og aðstöðu og Birnu á Reykjum fyrir að lána okkur hesta og reiðtygi. Læt nokkrar skemmtilegar myndir fylgja með.

Hestakveðja
Elin Moqvist.



Frá eldri borgarafélagi Skeið-Gnúp.

Starfsemi félagsins var í nokkuð föstum skorðum í vetur. Þrettán samverufundir voru haldnir á starfsárinu í bókahúsinu í Brautarholti. Þangað komu margir góðir gestir til fundar við okkur, fræddu og miðluðu af reynslu, tónlistarstjóri og börn, harmonikkuleikarar og kennimenn, svo fátt eitt sé nefnt, að ógleymdu því sem félagsmenn koma með sjálfir og miðla til okkar hinna af margvíslegum fróðleik og sögum liðinna tíma. Myndasýningar voru og haldnar úr ferðalögum félagsmanna ásamt ýmsu öðru, spilað á spil, sungið við undirleik Vilmundar Jónssonar og allir þessir samverufundir enda svo með veislukaffi.

Þorrablót var haldið á Hestakránni með glæsibrag og vel sótt, heiðursgestir þar voru Pétur læknir og Halla í Ásum, Vilmundur leiddi söng. Þá voru farnar leikhúsgerðir og félagsmönnum boðið á generalprufu Þorrablóts í Árnesi og helgileik skólabarna í Árnesi og árshátíðir þeirra og leikskólans í Brautarholti. Sveitarstjóri stóð fyrir heimboði ásamt félaginu í Árnes. Þar var eldri Hrunamönnum boðið og eldra fólki úr Tungum. Gigtarlæknir fræddi okkur þar um gigt og skylda krankleika. Börn úr skólanum sungu og léku á hljóðfæri, sýnd kvikmynd, tekin í Ásum 1969 “Sumardagur í sveit,” myndir úr Skaftholtsréttum 1967 og flóð í Hvítá 1968. Félagið stóð fyrir skipulagi á tveimur skemmtiferðum á starfsárinu, annars vegar þriggja daga ferð til Siglufjarðar sem tókst að öllu leyti mjög vel og þátttakan góð og hins vegar var farin dagsferð um Rangárþing með viðkomu í eldfjallasetrinu á Hvolsvelli. Þá fóru félagar í kynnisferð að Tyrfingsstöðum að skoða ullar-kembi og spunaverksmiðjuna, fjárhúisn og féð. Yogaæfingar voru í Bókahúsinu í 21 skipti undir leiðsögn Rosemarie Þorleifs-dóttur, þá var og sundleikfimi í Skeiðalaug undir stjórn Árna Þórs Hilmarssonar í 15 skipti en af þessu hvoru tveggja er mjög vel látið og mikilvægt að halda því áfram, 10-12 manns sóttu hvert skipti.

Veitingar
fram bornar
í Friðheimum.



Sveitarfélagið styrkir okkur með dálitlu fjárframlagi árlega ásamt húsnæði til félagsfunda í bókahúsinu og kunnum við því bestu þakkið fyrir. Síðasti samverufundur á þessu vori var 4. maí s.l. og að honum loknum var farið í Friðheima og þar fengin kynning á starfseminni og veitingar á eftir, vel mætt. Þá má geta þess að áformað er að fara í skemmtiferð til Vestmannaeyja 12. - 13. júlí í sumar.

Set þetta inn hér til gamans svo fólk sjái hvað félagið er að fást við, en oft fæ ég spurninguna . “Hvað getið þið alltaf verið að gera?”

Það er trú mín að félagsskapur sem þessi sé mörgum mikils virði.

Fjölgað hefur nokkuð í félaginu og eru félagsmenn 60 um þessar mundir, allir sextíu ára og eldri eru velkomnir í félagið og hægt er að hafa samaband við einhvern af stjórnarmönnum um það.

Í stórn eru:

Bjarni Ófeigur Valdimarsson, formaður

Erlingur Loftsson, varaformaður


Kristín Bjarnadóttir, ritari

Vilborg Þorsteinsdóttir, gjaldkeri

Þrándur Ingvarsson, meðstjórnandi.

F.h. Eldri Skeið-Gnúp.
Bjarni Ófeigur.

Pétur Skarphéðinsson, læknir,
annar tveggja heiðursgesta á
Þorablótinu.



Allur hópurinn í Friðheimum. 4.maí s.l.

**60. fundur í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps í Árnesi
fimmtudaginn 2. maí 2018 kl. 14:00.**

Mætt til fundar: Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason, Gunnar Örn Marteinsson, Meike Witt og Halla Sigríður Bjarnadóttir. Auk þess sat Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri fundinn og ritaði hann fundargerð. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera. Sveitarstjóri óskaði eftir að einu máli yrði bætt við dagskrána. Mál 21. Samþykkt viðbyggingar við Tvísteinabraut 2. Var það samþykkt samhljóða.

Mál til afgreiðslu og umfjöllunar :

1. Ársreikningur Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017. Lagður fram til síðari umræðu. Ársreikningurinn lagður fram.
Rekstrareikningur: Heildartekjur A og B hluta 659.156 þkr. Rekstrargjöld fyrir afskriftir 608.231 þkr. Hagnaður A og B hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði 50.925 þkr Eftir afskriftir og fjármagnsliði 27.217 þkr. Fyrir A hluta 42.881 þkr. Efnahagsreikningur A og B samtals: Fastafjármunir 748.107 þkr. Veltufjármunir 67.886 þkr. Eignir samtals 815.993 þkr. Eigið fé 637.639 þkr. Fjárfestingar í varanlegum rekstarfjármunum 97.387 þkr. Eiginfjárlutfall 80 %. Skuldahlutfall 27,1 %. Veltufé frá rekstri 7,3 %. Nokkrar umræður urðu um ársreikninginn og einstaka málaflokka.
Ársreikningur samþykktur samhljóða.
2. Viðauki við fjárhagsáætlun. Máli frestað til næsta fundar.
3. Fjárhagsámál.
 - Rekstur fyrstu þriggja mánaða ársins. Málaflökkayfirlit lagt fram og kynnt. Rekstur að mestu samkvæmt áætlun.
 - Fjárbörf vegna framkvæmda framundan. Máli frestað til næsta fundar.
4. Erindi frá Elínu Önnu Lárusdóttur og Elvar Má Svanssyni.
Fyrirspurn frá Elínu Önnu og Elvari um kaup á húseigninni Holtabraut 27. Samþykkt að leita verðmats fasteignasala og leggja málið fyrir á næsta fundi sveitarstjórnar.
5. Erindi frá Christiane Bahner fyrir hönd Kirsten Jennerich.
Varðar útleigu sumarhúss á Flötum í nafni félagsins Flatir Cottage. Máli frestað. - Sveitarstjóra falið að ræða við Kirsten og Christiane.
6. Umsókn um uppsetningu loftnets á félagsheimilið Árnes.
Sýn óskar eftir uppsetningu á fjarskiptalofneti á félagsheimilið Árnes. Þess er vænst að það muni bæta símaskilyrði á nokkrum bæjum þar sem skilyrðum er ábótavant. - Umsókn samþykkt samhljóða.
7. Erindi frá Helgu Guðrúnu Loftsdóttur, varðar Sandlæk.
Óskað eftir að sveitarstjórn veiti heimild til byggingar sumarhúss á Sandlæk. Sveitarstjórn hafnar einróma erindinu með vísan til Skipulagslaga.

Ekki er hægt að verða við beiðninni fyrr en að loknu skipulagsferli.

8. Girðingamál, útleiga á hrossabeit.

Oddviti greindi frá fundi sem haldinn var með Gesti Þórðarsyni og sonum hans um útleigu á landi sveitarfélagsins til hrossabeitar er liggur að landi í þeirra eigu í Réttarholti. Gengið verði frá samningi við umsækjendur.

Oddvita falið að ganga frá samningum.

Hestagerði. Sveitarstjórn samþykkir að sett verði upp tvö hestagerði.

Annað verði Bólstað og hitt við Fossnes. Sveitarstjóra falið að semja við hlutað-eigandi landeigendur og sjá um verkefnið. Útgjöld vegna verkefnis rúmast innan fjárhagsáætlunar. Bókast undir atvinnumál.

Fundargerðir

9. Skipulagsnefnd. Fundargerð 155. fundar. Mál nr. 16. Þarfnast umfjöllunar.

Mál 16. Skarð 1 lnr 174781 Skógarskarð frístundabyggð DSK 1804062.

Umsókn um deilsikipulag nýrrar lóðar í landi Skarðs. 1 hektari að stærð.

Óskað er eftir að lóðin fái heitið Skógarskarð.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir að deiliskipulagstillagan verði auglýst sk. 1. Mgr. 41.gr. með fyrirvara um að leyft verði að byggja eitt hús auk gestahúss á lóðinni.

Ekki gerð athugasemd við stofnun lóðarinnar.

10. Fundargerð stjórnar BS.Umhv- tæknisvið Uppsveita.

Fundargerð lögð fram og staðfest.

11. Fundargerð 42. Fundar Skólanefndar- Leikskólamál.

Fundargerð lögð fram og staðfest.

12. Fundargerð 43. Fundar Skólanefndar – Grunnskólamál.

Fundargerð lögð fram. Meike Witt lagði fram eftirfarandi bókun í tengslum við að þess er getið í fundargerðinni að „samningamál við Skólabílstjóra séu í vondum farvegi.“

„Ekki get ég séð annað en að sveitarstjóri hafi unnið þetta mál heiðarlega og af heilindum og með það eitt sjónarmið að gæta að öryggi skólabarna í akstri.“ Fundargerð staðfest.

Annað

13. Samningar um skólaakstur.

Oddviti lagði fram ný drög að samningum um skólaakstur árin 2017-2018 og 2018 – 2019. Helstu breytingar frá þeim drögum sem lögð voru fram á sveitarstjórnarfundum þann 18. apríl sl. eru að sett er inn krafa um heilsufars-skoðun og samningur gildi út skólaárið 2018 og 2019. Drög að samningum samþykkt. Meike Witt samþykkti samningsdrögin með fyrirvara og lagði fram eftirfarandi bókun:

„Ég tel nauðsynlegt að bæta eftirfarandi skýringum við samninginn sem er lagður núna fyrir bílstjórana:

- 1.) Læknisskoðun sé eftir reglugerð nr 830/2011.
- 2.) Vottorð sem bílstjórar leggja fram sé með tilvísun í þessa reglugerð.
- 3.) Að bílstjórar séu búnir að skila því vottorði fyrir byrjun skólaárs 2018-2019. Að öðru leyti geri ég athugasemdir við stjórnsýslu eftir síðasta sveitastjórnarfund 18.4.2018.“

14. Samband Sunnlenskra kvenna - Erindi.

Lögð var fram ályktun frá 90. ársþingi. Þar sem sveitarstjórnir eru hvattar til heilsuefandi samfélags. Sambandið hvetur sveitarstjórnir til að stuðla að heilsuefandi samfélagi og bættri lýðheilsu íbúanna með því að móta fjölskyldustefnu fyrir sveitarfélög sín.

Jafnframt hvetur fundurinn sveitarfélögin til að huga að sveigjanleika er varðar yngstu börnin, eftir að fæðingarorlofi foreldra þeirra lýkur. Þannig að foreldrarnir geti haft val um leikskólapláss eða að fá niðurgreiðslu sveitarfélagsins greidda, til að eiga betri möguleika á að vera lengur heima með barninu. Ályktun lögð fram og kynnt.

15. Hrókurinn – beiðni um styrk.

Beiðni um styrk í tilefni af 20 ára afmæli Hróksins. Erindi undirritað af Hrafn Jökulssyni. Afgreiðslu frestað.

16. Erindi frá Þóri Stephensen.

Þórir Stephensen vinnur að útgáfu bókar um Stefán sterka og óskar eftir styrk til útgáfunnar. Erindi hafnað.

17. Þingskjal 690. Beiðni um umsögn.

Þingskjal lagt fram og kynnt.

18. Þjónusta Íslandspósts. Athugasemd.

Sveitarstjórn lýsir óánægju sinni með þjónustu Íslandspósts við íbúa og fyrirtæki í sveitarfélaginu. Er það með komið á framfæri óánægju meðal íbúa. Óhjákvæmilega hefur þjónusta Íslandspósts minnkað mjög með fækkun ferða. Til viðbótar fækkar ferðum óeðlilega þegar um almenna frídaga er að ræða. Auk þess þarf meiri fyrirvara en áður gerðist til að senda fjölpóst. Sveitarstjórn skorar á stjórnendur Íslandspósts til að bæta þjónustuna.

19. Persónuvernd- innleiðing- ráðgjöf. Lagt fram tilboð og samningsdrög frá

Lattaca ehf Labs um ráðgjöf og innleiðingu Persónuverndarmála.

Sveitarstjóra falið að ræða við fulltrúa Lattaca ehf um verkefnið.

20. Ungmennaráð. Fulltrúar ráðsins mæta til fundarins. Fulltrúar Ungmennaráðs,

Ástráður Sigurðsson, Guðmundur Ágústsson, Iðunn Ósk Jónsdóttir og Matthías Bjarnason mættu fyrir hönd ráðsins. Þau kynntu viðhorf sín til sveitarstjórnar- og samfélagslegra mála. Auk þess ræddu þau um hugmyndir að mótun síðareglna af hálfu sveitarfélagsins varðandi Ungmennaráðið. Sveitarstjórn lýsir ánægju sinni með störf Ungmennaráðsins.

Samþykkt að vinna að uppsetningu erindisbréfs Ungmennaráðsins.
Sveitarstjóra falið að leggja fram drög að erindisbréfi.

21. Erindi frá Björgvin Þór Harðarsyni. Varðar viðbyggingu við Tvísteinabraut 2.
Um er að ræða hús fyrir reykofn 14,3 fermetrar. Sveitarstjórn samþykkir byggingu hússins og uppsetningu reykofns fyrir sitt leyti sem eigandi aðliggjandi húsnæðis.

22. Önnur mál.

I. Fundargerð samráðshóps Landsvirkjunar og sveitarfélagsins 23. 04.2018.

Á fundinum var rætt um Aðgengi að Búrfellsskógi með göngu og reiðvegi, rétt ofan við Þjófafoss og heilsársveg að Hjálparfossi. Fram kemur í fundargerð að unnið verði að gerð samkomulags milli Landsvirkjunar og sveitarfélagsins innan skamms.

Fundargerð lögð fram og kynnt.

Mál til kynningar :

- A. Verkfundur gatnagerð.
- B. Fundur Stjórnar Byggðasafns Árn.
- C. Afgreiðsla byggingafulltrúa 18-77.
- D. Ársreikningur Reiðhallarinnar á Flúðum.
- E. Ársskýrsla Byggðasafns Árnesinga 2016.
- F. Ársskýrsla Byggðasafns Árnesinga 2017.
- G. Breyting vaxta LSS.
- H. Búrfell 2. Starfsleyfisskilyrði.
- I. Fundur Gjálpar um Nónstein.
- J. Skógarafurðir ehf. Förgunarkostnaður.
- K. Þingmál 673.
- L. Þingmál 454.
- M. Þingmál 479.
- N. Stjórnarfundur SOS nr. 265.

Fundi slitið kl. 18:10 næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn 16. maí næstkomandi. Kl. 14.00.

Guide for Sorting and Recycling

is available! www.skeidgnup.is

The purpose of this guide is to inform the residents of Skeida– og Gnupverja-hreppur of the progress of the state of sorting for recycling within the municipality. It is clear that by sorting waste and promoting recycling, the volume of waste destined for landfill will be reduced. In [www. Skeidgnup.is](http://www.Skeidgnup.is) is the information.

Best regards from The office.

Leikskólinn Leikholt

óskar eftir að ráða leikskólakennara í 100% stöðu frá og með 7. ágúst 2018. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst eða eftir samkomulagi. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn til að taka þátt og leiða áfram gott faglegt starf í skólanum.

Einnig leitum við að starfsmanni í afleysingar í óákveðið hlutfall sem getur byrjað sem fyrst.

Menntun og hæfniskröfur:

- Leikskólakennararéttindi áskilin.
- Sýni jákvæðni, frumkvæði og samstarfsvilja.
- Góð færni í mannlegum samskiptum.
- Áhugi og hæfni í starfi með börnum.
- Góðir skipulagshæfileikar og stundvísi.
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti.



Meginverkefni:

- Vinnur samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara að uppeldi og menntun leikskólabarna.
- Tekur þátt í skipulagningu faglegs starfs og foreldrasamstarfs undir stjórn deildarstjóra.

Leikskólinn Leikholt er Grænfána leikskóli þar vinna 13 starfsmenn og þar ríkir góður vinnuandi, við leggjum áherslu á ART þjálfun, mikla málörvun og læsi og kennslu í gegnum leikinn. Einkunnarorð leikskólans eru: Gleði, vinsemi og virðing.

Frekari upplýsingar veitir Elín Anna Lárusdóttir leikskólastjóri sími 486-5586/895-2995 og áhugasamir geta sent umsóknir ásamt ferilskrá á netfangið leikholt@leikholt.is.

Fáist ekki leikskólakennari til starfsins er heimilt að ráða annan í stöðuna. Starfið hentar jafnt körlum sem konum og launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Launaneftndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til 10. júní 2018.

Sveitarstjórnarkosningar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

fara fram laugardaginn 26. maí 2018.

Kosið verður í Félagsheimilinu Árnesi.

Kjörfundur hefst kl. 10.00 og lýkur kl. 22.00.

Kjósendur eru minntir á að hafa meðferðis persónuskilríki með mynd ogframvísa ef óskað er.

Atkvæði verða talin á sama stað, strax að kjörfundi loknum.

Athugið að hægt er að kjósa utan kjörfundar á öllum
Sýsluskrifstofum landsins.

Sýsluskrifstofan á Selfossi, Hörðuvöllum 1,
er opin virka daga frá kl. 9:00 til 15:00.

Kjörstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps.



Auglýsing vegna umsókna um leikskólavist

Ég vil hvetja foreldra í sveitarfélaginu

að sækja um leikskólavist með góðum fyrirvara

Mig langar að árétta mikilvægi þess að sækja um leikskólavist með fyrirvara. Hægt er að fara á netið og sækja um leikskólavist rafrænt á þessari slóð: <http://skeidgnup.is/efni/leikskolinn-leikholt> (Umsókn um leikskólavist - rafræn.) Einnig er hægt að senda mér póst á netfangið leikholt@leikholt.is ef þú hefur fyrirspurnir.

Til þess að hægt sé að taka á móti nýjum börnum þarf leikskólastjóri að vita hvað er von á mörgum börnum á hverju misseri (haustönn/vorönn), þegar það er vitað er hægt að skoða hve marga starfsmenn leikskólinn þarf að hafa til að geta tekið á móti ákveðið mörgum börnum.

Alltaf getur komið upp sú staða að fólk flytur óvænt í sveitina og vanti snögglega pláss í leikskólanum, við höfum reynt að verða við öllum óskum sem við fáum, en ég vona að heimamenn geti séð sér fært að sækja um með fyrirvara.

Til dæmis þeir sem vilja fá pláss í leikskólanum næsta haust (fyrir næstu jól) þá væri mjög gott að fá þær umsóknir í maí, byrjun júní svo ég geti verið með tilbúinn þann starfsmannafjölda sem ég þarf um haustið.

Með bestu kveðjum og von um gott samstarf,
Elín Anna Lárusdóttir leikskólastjóri í Leikholti



O - LISTINN

okkar sveit



Kæru sveitungar

Við óskum eftir því að starfa fyrir ykkur næsta kjörtímabil. Við erum blanda af reynslumiklum einstaklingum og ungmennum með ábilandi áhuga á sveitastjórnarmálum. Við teijum okkur hafa unnið gott starf á síðasta kjörtímabili og reiknum með að gera enn betur á því næsta.

*Ef þið óskið eftir starfskræftum okkar, vinsamlega seljið **X við O** á kjördag.*

O - LISTINN okkar sveit.

1. sæti - Björgvin Skafti Bjarnason
2. sæti - Einar Bjarnason
3. sæti - Matthías Bjarnason
4. sæti - Anna Kristjana Ásmundsdóttir
5. sæti - Ástráður Unnar Sigurðsson

6. sæti - Anna Pórný Sigfúsdóttir
7. sæti - Haraldur Ívar Guðmundsson
8. sæti - Haraldur Þór Jónsson
9. sæti - Ásmundur Lárusson
10. sæti - Jónas Yngvi Ásgrímsson



1. Ingvar Hjálmarsson
2. Hrönn Jónsdóttir
3. Gunnar Örn Marteinsson
Oddvitaefni A-listans
4. Ingvar Bráðarson
5. Hannes Ólafur Gestsson
6. Aðalheiður Einarsdóttir
7. Sigurður Unnar Sigurðsson
8. Rósa Birna Þorvaldsdóttir
9. Páll Ingi Árnason
10. Kristjana Heyden Gestsdóttir

**Afl til
uppbyggingar**



Grunnskólakennari í Þjorsárskóla

Laus staða kennara í Þjorsárskóla.

Kennslugreinar eru íþróttir í 1-7 bekk 9 kennslustundir (sund ekki meðtalið)

Stærðfræði, náttúrufræði og samfélagsfræði í 1-2 bekk.
11. Kennslustundir.

Gerð er krafa um grunnskólakennaramenntun og lipurð í mannlegum samskiptum.

Um er að ræða 75 % staða frá 1 ágúst nk.

Umsóknarfrestur til 25 apríl 2018.

Nánari upplýsingar veitir Bolette Höeg Koch skólastjóri s. 895 9660

Þjorsárskóli er grunnskóli fyrir 1.-7. bekk. Nemendur eru tæplega 50. Þeim er kennt í fjórum kennsluhópum.

Í Þjorsárskóla er lögð áhersla á sjálfbærni, nýsköpun, útikennslu og umhverfið. Við leggjum áherslu á að nýta það efni sem við fáum úr Þjorsárdalsskógi og að gefa gömlum hlutum nýtt líf.

Yfirmarkmið skólans er að skila landinu til komandi kynslóða í betra ástandi en við tókum við því.

Vefslóð www.thjorsarskoli.is

Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi eru um 700 íbúar. Þéttbýliskjarnar eru við Árnes og á Brautarholti.

Í hreppnum eru náttúruperlur á borð við Þjorsárdal.

Þjorsárskóli er í tæplega 100 km fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu.

Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



*Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufraeðingur
Sími: 858-3399
graennaland@simnet.is*

www.Híalín.is

Silkiprentuð munstur sem
hafa beina skírskotun í
íslenska náttúru.
Sérsaumaðir kjólar,
húfur, leggings og
bolir.

Kíktu í heimsókn og
verslaðu í heimabyggð.



Kær kveðja
Vilborg í Skarði
863 9689/ vilmarius13@gmail.com



Halló! Hello!

Get tekið að mér þrif í sumarhúsum og á heimilum.

Cleaning houses and summerhouses.

Full cleaning servise. **Kristine 786-2688**



Gjaldskrá Búnaðarfélags Gnúpverja 2018

Öll tæki félagsins eru eins og áður í umsjón Einars í Heiðarbrún og ber að skila þeim til hans **Sími: 848-1619**

Öll verð eru án vsk.

Gjaldskrá 2018 gildir einnig fyrir félagsmenn í Búnaðarfélagi Skeiðamanna.

Staurabor	4.000 kr pr. klst. 6000 lágmaksgjald
Haugsuga 11,5 T	16.000,-kr pr. dag
Haugsuga 15 T	18.000 kr pr. dag
Skádæla	12.000 kr ,pr. Fyrstu 3 daga síðan 9 þús pr dag
Brunndæla	12.000 kr ,pr. Fyrstu 3 daga síðan 9 þús pr dag
Pinnatætari	4.200 kr/klst,
Hnífatætari	4.200 kr/klst,
Flaghefill	3.300 kr/klst. Lágmarksgjald 4.000 kr.
Flag- og túnvaltari 6,3 m,	5.000 kr/klst, fyrstu 5 klst. síðan 2.500 kr/klst.
Plógur, fjórskeri, fjölstillanlegur	3.200 kr/klst. Lágmarksgjald 6.000 kr.
Fjaðraherfi	2.700 kr/klst. Lágmarksgjald 5.000 kr.
Steypuvél	150 kr/poka, startgjald 5.000 kr.
Flatvagn (rúlluvagn) NÝTT	6.000 kr/dag. + 90 kr pr km. lágmarks.gj 10.þús
3ja hesta kerra	6.500 kr heill dagur, fyrir félagsmenn Búnaðar-félaga Gnúpverja og Skeiða, annars 8.500 kr/dag
Fjölnotakerra (tveimur fetum lengri en sú gamla)	8.000 kr heill dagur, fyrir félagsmenn Búnaðar félaga Gnúpverja og Skeiða, annars 9.500 kr/dag
Klaufskurðarbás fyrir fé	8.000,- kr pr dag.
Slóði	3.900,- kr / klst
Vendiplógur – opinn, 4ra skera	4.000 kr daggjald og 440 pr km. NÝTT Í FYRRA
Athafnakerra	6.500,- kr pr dag Utanfélagsmenn Gnúp og Skeið Greiða 8.500,- kr pr dag. NÝTT

Ætlast er til að tæki komi hrein úr útleigu. Ef misbrestur verður á því, áskilur Búnaðarfélagið sér rétt til að taka sérstakt gjald fyrir þríf, en það er **20.000 kr.** Skemmdir á tækjum vegna vitaverðs gáleysis greiðast af leigutaka!!

Bent skal á að mögulegt er að fá tæki hjá Búnaðarfélagi Skeiðamanna ef öll tæki Búnaðarfélags Gnúpverja eru upptekin.

Ath. Þegar tækjum er skilað sendið þá Einari Guðnasyni sms með tímafjölda á tækjum. Gsm. 848-1619
Sumarkveðja

Búnaðarfélag Gnúpverja

Vorfundur Kvenfélags Skeiðahrepps

verður haldinn í Björnskoti miðvikudaginn
30. maí klukkan 20.00.

Kvenfélag



Skeiðahrepps

Fjallað verður um sumarferðina/
afmælisferðina okkar,
það sem er framundan o.fl.
Léttar veitingar í boði.

Nýjar konur hjartanlega velkomnar
Vorkveðja,
stjórnin.

PAJERO til sölu.
Árgerð 2005 Diesel,
ekinn 220.000 km.
Mikið endurnýjaður.
Skoðaður 2019
athugasemdarlaust.
Nánari upplýsingar í
sínum 8941855 og
8617013



Country Taxi

Sinni öllum uppsveitunum, ball, afmæli eða annar
mannfagnaður. Allar upplýsingar á facebook:

<https://www.facebook.com/leigubill/>

eða í síma 776-0810. Kv. Dóri



Smárafélagar!

Úrtaka fyrir LH verður haldin á
Gaddstaðflötum, Hellu dagana 8.-10. júní!





Leikholtsfréttir

Leikholtsfréttir í maí 2018

Nú er farið að líða að sumri og kennslan fer að fara meira út í náttúruna og vonum við að veðrið fari að vera okkur meira hliðhollt.

Þann 18. apríl síðastliðinn höldum við Árshátíð í Leikholti. Þemað á árshátíðinni voru fuglar en börnin hafa verið að fræðast mikið um fugla eftir áramót. Öll fugla listaverkin sem börnin bjuggu til voru svo til sýnis á Fuglakabarettinum sem haldinn var í Árnesi helgina eftir.

Á árshátíðina komu margir góðir gestir og heppnaðist hún ofsalega vel. Börnin eiga mikið hrós skilið fyrir sönginn og leikritin og starfsfólkið sem æfði, lék og söng með þeim



Orma- og Biölluhópur úr Heklunni



Kóngulóarhópur úr Vörðufelli

Fluguhópur úr Vörðufelli og Bjöllu hópur úr Heklu



Sjóræningjablómahópur úr Vörðufelli



Við þökkum öllum kærlega fyrir komuna á árshátíðina okkar. Í apríl var einn öðruvísi dagur, þann 27. Apríl og þá kusu börnin að hafa Bíó Rugl dag. Þá mættu allir í einhverju tengdu bíómyndum eða einhverju rugluðu eins og öfugsnúnum buxum eða peysu á röngunni o.s.frv. og síðan fengu börnin að horfa á bíómynd og á eldri deildinni var borðað popp

Við hlökkum til að heyra hvaða öðruvísi dag þau kjósa í maí
Myndirnar eru frá Árshátíðinni.

Bestu kveðjur frá öllum í Leikholti



HRUNAPRESTAKALL

Ágætu sveitungar.

Fermingum þetta árið lýkur á hvítasunnu, 20. maí. Fermingarbörn þá eru sem hér segir:

Í Hrepphólakirkju 20. maí kl. 11:

Haukur Arnarsson, Gunnbjarnarholti, 801 Selfossi
Hjörtur Snær Halldórsson, Hrepphólum, 846 Flúðum
Sonja Ýr Benediktsdóttir, Miðfelli 1, 846 Flúðum
Vignir Öxndal Ingibjörnsson, Auðsholti 5, 846 Flúðum

Í Hrunakirkju 20. maí kl. 13:30:

Andrea Ósk Harradóttir, Akurgerði 3, 845 Flúðum
Hringur Karlsson, Vesturbrún 9, 845 Flúðum
Ingibjörg Bára Pálsdóttir, Árbæ, 846 Flúðum
Óskar Snorri Óskarsson, Hruna, 846 Flúðum
Þórey Þula Helgadóttir, Vesturbrún 13, 845 Flúðum

Að lokum vil ég nefna eftirminnilega tónleika og vinafund þriggja kóra helgina 20.-22. apríl sl.; Söngfjelagsins í Reykjavík, Kirkjukórs Stóra-Núps- og Ólafsvallasókna og kirkjukórs Laugalandsprestakalls í Eyjafirði.

Kórarnir fluttu á tónleikum í Árnesi verkið Fuglakabarett eftir þá félagu Hjörleif Hjartarson og Daníel Þorsteinsson, sem báðir voru á staðnum og lögðu gott til í töluðu máli og spiluðu. Í framhaldinu var hátíðarkvöldverður, kvöldvaka og dansiball með þátttöku allra kórfélaga og úr varð hin besta skemmtun.

Ég þreytist ekki á að þakka fyrir öflugt kórastarf í okkar sveitum sem eflir menningu, vináttu og gleði langt út fyrir það sem við gerum okkur grein fyrir.

Gleðilegt sumar!

*Óskar Hafsteinn Óskarsson
sóknarprestur*



Sími 899-2910

www.pizzavagninn.is

Maí 2018



Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
3. maí	4. maí Brautarholt 18:00-20:30	5. maí Reykholt 18-21
10. maí Uppstigningardagur Lokað	11. maí Flúðir 18-21	12. maí Lokað í dag
17. maí Laugarvatn 18:00-20:30	18. maí Árnes 18:00-20:30	19. maí Reykholt 18-21
24. maí	25. maí Flúðir 18-21	26. maí Borg 18:00-20:30



Sími 899-2910

www.pizzavagninn.is

Júní 2018



Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
31. maí	1. júní Brautarholt 18:00-20:30	2. júní Lokað í dag
7. júní	8. júní Flúðir 18-21	9. júní Lokað í dag
14. júní	15. júní Árnes 18:00-20:30	16. júní Reykholt 18-21
21. júní	22. júní Flúðir 18-21	23. júní Borg 18:00-20:30

Maipistill sveitarstjóra 2018

Ársreikningur Skeiða- og Gnúpverjahrepps fyrir árið 2017 var samþykktur 2. maí síðastliðinn eftir tvær umræður.

Það fylgir því ævinlega eftirvænting að sjá afkomutölur birtast. Hvort sem um er að ræða sveitarfélag eða annan rekstur. Reynslan hefur kennt manni að fagna ekki fyrr en allar tölur eru komnar í hús. Rekstur sveitarfélagsins árið 2017 gekk bærilega að mínu mati. Heildartekjur námu 659,1 milljónum króna. Útsvar og fasteignagjöld þar af 501,4 milljónir króna

Hagnaður A hluta sveitarsjóðs nam 43,9 milljónum króna. Hagnaður samstæðu nam 27,2 milljónum króna.

Gjaldfært var 26,6 milljónir króna vegna framlags til Lífeyrissjóðsins Brúar.

Það var nokkuð sem ekki var gert ráð fyrir í fjárhagsáætlunum enda engar forsendur til þess. Þessu var skellt yfir öll sveitarfélög í byrjun árs 2018.

Óhætt er að segja að það hafi mælst misjafnlega fyrir.

Veltufé frá rekstri nam 50,9 milljónum. En það er fjármagnið sem sveitarfélagið hefur til að standa undir fjárfestingum, afskriftum og afborgunum skulda. Ef ekki hefði komið til áður nefnt framlag til Lífeyrissjóðsins Brúar hefði veltuféð frá rekstrinum numið 77,5 milljónum króna. Ekki var safnað í sjóði í þetta sinn, þar sem fjárþörf var mikil vegna framkvæmda.

Eigið fé í árslok nam 637,7 milljónum króna. Skuldahlutfall nam 27,1 % og er það með því lægsta sem gerist meðal sveitarfélaga.

Eiginfjárlutfall nemur 78,1 % Af rekstrartekjum fara 39,9 % í laun og launatengd gjöld eða 262,7 milljónir króna. Fjöldi stöðugilda var 28.

Skatttekjur á íbúa nema 851.000 kr.

Fjárfestingar mánum 97,4 milljónum króna. Það verður að teljast stór tala á mælikvarða okkar litla sveitarfélags. Langstærsta fjárfestingin er vegna hrein-sistöðvar í Brautarholti um 50,8 mkr. Gatnaframkvæmdir 15,2 mkr. Kaup á nýju áhaldahúsi námu 8,4 mkr. Frágangur umhverfis við bæði félagsheimilin og skólann kr 7,1 mkr og bílakaup 4 mkr. Ekki voru tekin langtímalán vegna fjárfestinganna. Þær hafa nú verið greiddar að fullu.

Málflokkarnir sem sveitarfélagið stendur skil á, rétt eins og önnur sveitarfélög eru Eftirtaldir:

Félagsþjónusta. Þar undir er félagsleg aðstoð, þjónusta við börn og unglinga, aldraða og fatlaða. Heildar kostnaður við þennan flokk nam 29,1 mkr 2017.

Fræðslu- og uppeldismál. Undir það fellur Leikskóli, Gunnskóli, skólaakstur og tónlistaskóli. Leikskólinn kostaði 88.1 mkr, grunnskólinn, 198,1 mkr þar af er framlag sveitarfélagsins til Flúðaskóla 39,2 mkr. Skólaakstur kostar 37,3 mkr og rekstur mötuneytis um 10,3 mkr. Til tónlistarnáms leggur sveitarfélagið 14,9 mkr. Framlag vegna Fjölbrautarskóla Suðurlands nemur um 2,6 mkr.

Þess ber að geta að stöðugildum við skólann var fjölgað.

Meðal annars til að draga úr samkenndu.

Menningarmál. Þar undir eru félagsheimilin, bókasafn og hátíðahöld. Kostnaður við bókasafn er um 4,9 mkr. Til annarra safna í héraðinu er lag t 2,1 mkr. Þar eru Byggðasafn Árnesinga, Héraðsskjalasafn og Listasafn Árnesinga. Rekstur félagsheimilisins Árness kostar bókhaldslega 30,3 mkr. Þar ef eru innrileiga 29,3 mkr. Tekjur af leigu hússins nema um 9,2 mkr. Rekstur félagsheimilisins í Brautarholti kostar sveitarsjóð um 9,7 mkr. Tekjur af húsinu nema 455 þkr. Hátíðahöldin, 17 júní, Uppsprettan og Gaman saman kosta um 524 þkr. Ýmsir styrkir til félaga og kóra námu 644 þkr. Í æskulýðs- og íþróttamál fóru 40,5 mkr. Munar þar mestu um sundlaugarnar. Í Neslaug 13,9 mkr og 15,1 mkr í Skeiðalaug. Í vinnuskóla unglinga voru settar 3,8 mkr. Í félagsmiðstöðina Zero voru lagðar 4 mkr. Í beina íþróttastyrki til ungmenna fóru 2, 4 mkr. Til reksturs íþróttavalla og til Ungmennafélaga fóru 1,2 mkr.

Brunavarnir og almannavarnir kostuðu 16,5 mkr á síðasta ári. Þar er nánast að öllu leyti um að ræða framlag til Brunavarna Árnessýslu. Eða 16, mkr. Afgan-gurinn er innri leiga húsnæðis.

Hreinlætismálin eru dýr. Sveitarfélagið greiddi með þeim málaflokki 17,6 mkr. Þá er átt við sorpþjónustu. Heildarkostnaður nam um 29,6 mkr. Inni í þeirri tölu er innri leiga af gámsvæðum um 1,9 mkr og verktakagreiðslur um 4 mkr. Innheimt var með gjöldum 12 mkr. Langstærstur hlutinn er greiðsla til Íslenska Gámafélagsins fyrir þjónustu. Það er tilefni til að geta þess að þetta sveitarfélag er að greiða mun meira með sorpþjónustu en almennt gerist. Með breyttum áher-slum í innheimtu á yfirstandandi ári standa vonir til að minn verði greitt úr sveitarsjóði með þessum málaflokki.

Skipulags og byggingamál voru mjög fyrirferðarmikil á síðasta ári. Kostnaður vegna málaflokksins varð mun meiri en ætlað var eða alls um 19 mkr. Það kemur annars vega til vegna vinnu sem hefur staðið yfir við gerð nýs aðalskipulags, um 8 mkr. Hins vegar er um að ræða mun hærra framlag til skipulags- og bygginga-fulltrúaembættisins vegna framkvæmda í Búrfelli 2. Vegna aðalskipulagsvinnun-nar á eftir að koma inn framlag frá Skipulagsstofnun. Vonir standa til að uppgjör við Skipulags- og byggingafulltrúaembættið fyrir árið 2018 muni sýna framlög sem jafna kostnaðinn við Búrfell 2 betur en þegar hefur verið gert. Undir þennan lið falla leigutekjur af lóðum um 2,9 mkr.

Umferðar- og samgöngumál. Bókhaldslega kostaði sá flokkur sveitarfélagið 7,4 mkr. Innri leiga gatnakerfis nam þar af um 4,5 mkr. Snjómokstur kostaði um 1,4 mkr. Í bæjar- og kynningarskilti voru lagðar um 800 þkr. Rafmagn í götulýsingar kostaði um 900 þkr.

Umhverfismál. Heildarkostnaður nettó 4,7 mkr. Um 1,1 mkr fór í eyðingu refa og minka. Hefur þá verið tekið tillit til 500 þkr framlags frá umhverfisstofnun. Annað í þessu málaflokki eða um 3,6 mkr fór í umhirðu opinna svæða.

Atvinnumál. Málaflokkurinn kostaði sveitarfélagið um 14,3 mkr. Flokkurinn er býsna fjölþættur. Atvinnuefning, fjallskil, fjallaskálar, fjárgirðingar, réttir, tjaldsvæði, ferðamálafulltrúi og ferðamannastaðir. Til atvinnuefninga var lagt um 1,1 mkr þar af 750 þkr í styrk til fyrirtækja. Fjallskil gera sig upp sjálf, fjallaskálar kosta um 4,4 mkr, í réttir fóru um 1,6 mkr. Tekjur af tjaldsvæðum námu um 1,5 mkr. Ferðamála-fulltrúi kostaði um 3,1 mkr. Til lagfæringa ferðamannastaða fór 1,0 mkr.

Sameiginlegur kostnaður. Þessi liður ávallt fyrirferðarmikill í bókhaldi sveitarfélaga. Nettókostnaður sveitarfélagsins við sameiginlegan kostnað er um 78,6 mkr. Undir þennan lið fellur kostnaður við stjórnun sveitarfélagsins. Innan þess eru laun og tengd gjöld sveitarstjórnar og starfsfólks skrifstofu þar með er talinn sveitarstjóri. Meðal kostnaðarliða eru kosningar, innheimtukostnaður, þjónustusamningar og endurskoðun. Laun sveitarstjórnar og annar kostnaður við sveitarstjórn, svo sem fundarkostnaður, sími, pappír og fleira, nema 6,4 mkr. Kosningar kostuð um 540 þkr. Beinn kostnaður við skrifstofu sveitarfélagsins nam 51,2 mkr. Þjónustusamningar, endurskoðun, lögfræðipjónusta og fleira kostaði um 13,2 mkr. Eignasjóður var rekinn með 66,8 mkr hagnaði Þjónustustöð/áhaldaús var rekið með 8,1 mkr tapi.

Svonefnd B hluta fyrirtæki eru eftirgreind: Félagslegar íbúðir hagn. 610 þkr, Leiguíbúðir hagn. 1.9 mkr, Fjarskiptafélag, tap 3.901. (þar koma til miklar afskriftir) Vatnsveita, hagn 3,2 mkr. Hitaveita 08, mkr. Fráveita tap 10,8 mkr. Ég vona að þessi grófa greinargerð mín um rekstur og stöðu sveitarfélagsins gefi einhverja mynd til glöggvunar. Ég lít svo á að hér sé verið að veita íbúum góða þjónustu, gegn vægri gjaldtöku á flestum sviðum. Fyrirferðamesti málaflokkurinn eru fræðslumálin eins og sennilega á við um öll sveitarfélög og þar höfum við bætt í með fjölgun stöðugilda. Skipulagsmálin urðu þyngri en búast var við á síðasta ári. Sá þáttur er í venjulega árferði mun skikkanlegri.

Við búum að miklum og glæsilegum mannvirkjum. Það kostar sitt að halda þeim við. Ég tel að við höfum staðið okkur vel í þeim efnum á síðustu árum.

Útlit um rekstur ársins 2018 er vel viðunandi. Langstærsta framkvæmdin þetta árið eru gatnagerð og lagnaverkefni í byggðakjörnunum í Árneshverfi og Brautarholti, því verkefni lýkur í haust. Heildarkostnaður við það verkefni er um 126 mkr. Gatnagerðargjöld koma til móts við þann kostnað að litlu leyti.

Fyrirsjáanlegt er að koma þurfi til lántaka vegna þessa verkefnis. Nánar verður greint frá því síðar.

Kosningar


Það hefur ekki farið framhjá neinum að sveitarstjórnarkosningar eru framundan. Persónulega fagna ég því að mikill áhugi virðist vera til staðar í þessum efnum hér í hreppnum. Maður skyldi ætla að fullmannaðir þrír listar endurspegli það. Mér sýnist listarnir allir hafa þegar lagt í góða málefnavinnu. Það sem mér finnst ekki síst athyglisvert er þátttaka ungs fólks á listunum. Ég óska frambjóðendum góðs gengis og hef fulla trú á að kosningabaráttan verði drengileg. Öllum íbúum færi ég bestu óskir um gleðilegt sumar.

Kristófer Tómasson

Lagfæringar við Skeiðalaug

Verið er að setja hitalögn í stéttar við Skeiðalaug. Það er þarft verk og löngu tímabært. Einnig voru sett handrið á veggina til þess að minnka slysaþættu.

Kveðja frá sundlaugarverði.



G— listi Grósku í Skeiða-og Gnúpverjahreppi

- | | |
|----------------------------------|---------------------|
| 1. Anna Sigríður Valdimarsdóttir | Stóri-Núpur |
| 2. Elvar Már Svansson | Holtabraut 27 |
| 3. Elwira Elzbieta Kacprzycka | Breiðanes |
| 4. Anna María Flygenring | Hlíð 1 |
| 5. Pálína Axelsdóttir | Eystra-Geldingaholt |
| 6. Edda Pálsdóttir | Hamarsholt |
| 7. Sigrún Bjarnadóttir | Fossnes |
| 8. Anna María Gunnþórsdóttir | Skaftholt |
| 9. Hjördís Ólafsdóttir | Stóri-Núpur |
| 10. Margrét Eiríksdóttir | Eystra-Geldingaholt |

Fréttir frá Bjorsarskóla

Litla upplestrarkeppnin - Föstudaginn 13. apríl hélt 4. bekkur

lokahátíð Litlu upplestrarkeppninnar þar sem foreldrum 4. bekkjar var boðið ásamt öllum nemendum og starfsfólki Bjorsarskóla.

Litla upplestrarkeppnin byggir á sömu hugmyndafræði og Stóra upplestrar - keppnin og rétt er að undirstrika að hugtakið keppni í þessu tilviki felur ekki í sér að keppa við aðra heldur að verða betri í lestri í dag en í gær.

Lesnir voru af öllum nemendum 4. bekkjar ljóð, þulur og textar eftir til dæmis: Þórarinn Eldjárn, Stein Steinarr, Margréti Jónsdóttur og Kristján Hreinsson.

Við vorum einnig með tvö tónlistaratriði þar sem Vésteinn Loftsson spilaði á Básúnu lag úr Jungle Book og Emelía Karen Gunnþórsdóttir og Baldur Jónsson spiluðu á gítar Krummi svaf í klettagjá. Gestalesarar voru Anna Lovisa og Rebekka fulltrúar skólans í Stóru

upplestrarkeppninni og lásu þær ljóð sem þær fluttu í þeirri keppni.

Undirbúningur snýr að mörgum öðrum þáttum en lestri. Til dæmis framkomu, eins þurftum við að huga að þáttum eins og líkamsstöðu, raddstyrk, framburði, þögnum, blæbrigðum og túlkun.

Allir nemendur stóðu sig frábærlega vel og fengu allir nemendur 4. bekkjar viðurkenningarskjal eftir vel heppnaða hátíð.

(Elvar Már Svansson)



Skautuferð 25. apríl - Annað hvert ár fer skólinn í menningar og skautuferð. Þann 25. apríl héldum við til Reykjavíkur í þessa ferð okkar. Við byrjuðum í Egilshöll að skauta og svo var ætlunin að fara að skoða íshella í Perlunni. Daginn áður kviknaði í Perlunni þannig að við urðum að breyta áætlun. Farið var á Listasafn Árnesinga í Hveragerði og skoðuð sýning um Þjórsá. Þetta var góður og vel heppnaður dagur.

Frábært að sjá hvað allir voru sjálfbjarga á skautum.



(Hafdís
Hafsteinsdóttir)



Leikskólaheimsóknir – Elsti hópur leikskólans hefur komið reglulega til okkar í vetur, ásamt kennara sínum og vinna ýmis skólaverkefni með 1. og 2. bekk. Þemað eftir jól var víkingatímabilið. Við hlustuðum á margar skemmtilega þjóðsögur um víkinga sem tengjast sveitinni okkar og allir fengu að búa til og hanna mynd á skjöld. Hér sjást börnin sæl með afraksturinn. (Kristín Gísladóttir).




Hjálmar - Nú á vordögum fékk 1. bekkur hjálma að gjöf frá Lions hreyfingunni á Íslandi. Gróa hjúkrunarfræðingur kom síðan til okkar með fræðslu um mikilvægi hjálmanotkunar og hvernig stilla á hjálmana þannig að þeir sitji rétt á höfðinu.

(Kristín Gísladóttir)



Táknmálakennsla - Nemendur Þjórsárskóla og skólahópur Leikholts hafa undanfarna fimmtudaga lært táknmál hjá Selmu.

Þau hafa öll lært að stafa nafnið sitt, fengið persónulegt nafnatákn og lært nokkur algeng orð. Eftir hvern tíma hafa börnin æft sig í að syngja lagið „Ferðalok“ á táknmáli. Í síðasta tímanum var efnt til samsöngs í sal skólans, þar sem börnin sungu lagið ásamt gestasöngvaranum Huldu M. Halldórsdóttur. Nemendur 7. bekkjar Flúðaskóla voru einnig í heimsókn þann dag og tóku þátt í dagskránni. (Selma Kaldalóns Sigvaldadóttir)



Bestu kveðjur frá öllum í Þjórsárskóla.



Menn og málefni!

Þann 30. mars s.l. eignuðust þau Guðfinna Ósk Magnúsdóttir og Ólafur Freyr Ólafsson Holtabraut 33 sitt annað barn sem er stúlka og vó hún 3776 gr og 51 cm. Hún á eldri bróður sem heitir Elvar Mar og hann er í leikskólanum Leikholti.

13. maí s.l. eignuðust Karen Kristjana Ernsts dóttir og Hákon Páll Gunnlaugsson í Þrándarholti 1 stúlku, sem er þeirra fjórða barn. Hún vó 3708 gr og 52 cm. Á heimilinu eru þrjú eldri systkini hennar, þau Gunnlaugur Ernst, Guðrún Renata og Margrét Unnur sem öll eru í Leikholti.



Við óskum fjölskyldunum innilega til hamingju með prinsessurnar sínar!



Þessi góða græja er til sölu fyrir lítið!

Fjölnota vél af gerðinni Kyocera, Taskalfa 250 ci er til sölu. Notuð vél en á samt heilmikið eftir og hefur verið endurnýjuð að hluta. Hún er talin umhverfisvæn, lita lazerprentari, ljósritunarárél, skannar á e-mail stækkar og minnkar (tekur A3 blöð) Kostnaður á bls. er um 1 kr pr svarthvíta síðu og um 10 kr. pr. litsíðu. Vélin er staðsett á skrifstofu sveitarfélagsins. Áhugasamir hafið samband þangað 486-6100 eða sendið póst á skeidgnup@skeidgnup.is

Getraunanúmer Ungmennafélags Gnúpverja

Við styðjum UMFG með þátttöku okkar!



802

Flokkunarhandbókin 2018

Breytingin á flokkun í **grænu tunnuna** felur í sér að hætta að setja málma og fernur/sléttan pappa í plastpoka. Þetta einfaldar flokkunina og gerir hana þægilegri fyrir notendur Grænu tunnunnar og umhverfisvænni um leið. (mánaðarmolinn.) ☺

UPPSPRETTAN

Hátíð í Skeiða-
og Gnúpverjahreppi
15.-16. júní 2018



Föstudagur 15. júní

Brokk og skokk í
Skaftholtsréttum



Afmæli Neslaugar:
Pizzavagninn mætir á staðinn,
harmonikkuleikur og Bíbí og
Björgvin Franz koma og skemmta

Laugardagur 16. júní, Árnesi

Leikhópurinn Lotta
Sumargóðgæti úr sveitinni
Bjástrað á bæjunum
Uppsprettuþraut
Hoppukastali og leiktæki



Landsleikur í fótbolta á
stóra tjaldinu: Ísland—
Argentína


Verið velkomin!



Nánari upplýsingar verða á facebooksíðu Uppsprettunnar

Á bak við eldavélina!

Það er hún Guðrún Hansdóttir frú í Þrándarholti sem leggur til uppskriftir sínar þennan mánuðinn. ☺



Takk kærlega fyrir áskorunina kæra Vilborg. Loksins fæ ég að láta ljós mitt skína!! Það er gott að þú hefur góðar minningar úr eldhúsinu í Brautarholti. En þessa uppskrift hef ég eldað nokkrum sinnum með góðum árangri.

Kjúklingabringur með rjómaosti og sólþurrkuðum tómötum

3-4 kjúklingabringur

2 msk olía af sólþurrkuðum tómötum

Sítrónupipar

salt

1 saxaður laukur

6-8 sneiddir sveppir

2 sneiddar gulrætur

4-6 sólþurrkaðir tómatar, eða eftir smekk

1 stór tengingur kjötkraftur

1 dós rjómaostur með sólþurrkuðum tómötum

¼ L rjómi

Timian

Aðferð:

Kryddið kjúklingabringurnar með sítrónupipar og salti. Steikið bringurnar í olíunni af sólþurrkuðu tómötunum og látið þær síðan í eldfast mót. Steikið því næst grænmetið og bætið út á pönnuna kjötkrafti, rjómaosti, rjóma og timian. Látið malla í smá stund og hellið síðan yfir kjúklinginn. Setjið álpappír yfir og látið í 200°C heitan ofni í 35 mínútur.

Og hér kemur eftirrétturninn:

Marengsterta með snickers

Botnar:

5 eggjahvítur

4 dl þúðursykur

Þeytið þetta tvennt vel saman og búið til tvo

botna á bökunarpappír og bakið í 50 mínútur við 150°C

Krem:

40 gr smjör

2 snickers

5 eggjarauður

3 msk sykur



Bræðið smjör og snickers saman. Þeytið eggjarauður og sykur vel saman. Hrærið báðar blöndurnar saman. Látið kremið kólna/þykkna áður en það er borið á efri botninn.

Á milli botnanna:

½ L rjómi

2 snickers

Rjóminn þeyttur. Skerið snickers í bita og blandið saman við þeyttan rjómann og setið á milli botnanna. **NAMM!**

Fyrst að Hrafnhildur í Brautarholti missti af áskoruninni í síðasta fréttabréfi, þá skora ég á hana núna. Mikið verður hún glöð!

Kær kveðja,
Gunná í Þrándarholti



51 árs gömul uppskriftabók!

Þetta er prýðis gæðingur af gerðinni Ford Transit 4x4 árgerð 2011 og rúmar 12 farþega.



Bíllinn er í eigu sveitarfélagsins og er notaður sem skólabíll að vetrinum.

Það kemur til greina að leigja hann til afnota yfir sumartímann.

Frá 10. júní – 20. ágúst.

Áhugasamir hafi samband við sveitarstjóra. Sími 486-6100

kristofer@skeidgnup.is

VIOLA snyrtistofa - Högnastíg 1 Flúðum

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun

Fótsnyrting — Handsnyrting –

Vaxmeðferðir - Litun og plokun.



**Tímapantanir í síma:
856-1599**

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 – 3, 105 Reykjavík

Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is

Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Hliðgrindur

Margar stærðir - frábært verð



ASH-03-01 Hliðgrind BM 915 mm.	Kr. 10.246
ASH-04-01 Hliðgrind BM 1220 mm.	Kr. 12.216
ASH-05-01 Hliðgrind BM 1525 mm.	Kr. 13.501
ASH-07-01 Hliðgrind BM 2135 mm.	Kr. 13.941
ASH-08-01 Hliðgrind BM 2440 mm.	Kr. 15.584
ASH-09-01 Hliðgrind BM 2745 mm.	Kr. 16.811
ASH-10-01 Hliðgrind BM 3050 mm.	Kr. 18.041
ASH-11-01 Hliðgrind BM 3355 mm.	Kr. 19.157
ASH-13-01 Hliðgrind BM 3965 mm.	Kr. 20.501
ASH-15-01 Hliðgrind BM 4575 mm.	Kr. 22.141

Ath. öll verð með vsk



Lambheldar hliðgrindur með neti

HMG-06-01 Hliðgrind BM með neti 1830 mm.	Kr. 18.451
HMG-08-01 Hliðgrind BM með neti 2440 mm.	Kr. 20.501
HMG-10-01 Hliðgrind BM með neti 3050 mm.	Kr. 22.141
HMG-12-01 Hliðgrind BM með neti 3660 mm.	Kr. 24.602
HMG-14-01 Hliðgrind BM með neti 4270 mm.	Kr. 29.548
HMG-16-01 Hliðgrind BM með neti 4880 mm.	Kr. 32.391

Ath. öll verð með vsk

Hringgerði



Hringgerði með 10 stk. 3ja metra grindum ásamt hliði er í þvermál 10 metra

Tilboðsverð með vsk. kr. 311.365



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600

Kaupvangi 10,
700 Egilsstöðum
Sími 471 1901

landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is
Við erum líka á Fésbók

Opnun sundlauga í Skeiða –og Gnúpverjahreppi!
Neslaug S: 486-6117 Skeiðalaug S: 486



Neslaug

Open - Maí - May:

Miðvikud.- Wed. 17:00 - 22:00

Laugard. Saturd. 13:00 - 18:00

Sunnud. Sunday 13:00 - 18:00

Vörur tengdar sundi seldar
í afgreiðslum lauganna.

**Hætt er að selja ofan í
hálf tíma fyrir lokun.**

Neslaug og Skeiðalaug eru á

Fylgist með á  ☺

Skeiðalaug

Open - Maí - May:

Mánudaga Mon. 18:00-22:00

Fimmtudaga Thu. 18:00-22:00



Eypór Brynjólfsson s: 897-1112

Umsjónarmaður sundlauga
eythorb@gmail.com

**Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps
Bókahúsinu, Brautarholti.**

Opið alla fimmtudaga 20:00 -22:00

S: 486-5505

Netfangbokasafn@skeidgnup.is

<http://www.allirlesa.is>

<http://www.leitir.is>



STOPPUSTUÐ Í ÁRnesi!

**Rafhleðslustöð fyrir bifreiðar er við inngang
skólamötuneytis, (austan megin) við**

Félagsheimilið Árnes.

